



10. fundur stjórnar LH 2022-2024
7. júní 2023 kl. 19:00
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Hákon Hákonarson Sóley Margeirsdóttir, Edda Rún Ragnarsdóttir. Á fjarfundi: Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Gróa Baldvinsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Randi Holker.

Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir og Valdimar Magnús Ólafsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerða 7., 8., og 9. fundar

2. Verkefnastaða í nefndum

Stjórnarmenn fóru yfir stöðu verkefna í þeim nefndum sem þeir eiga sæti í.

Reiðveganefnd (HH):

Haldinn var fundur með svæðisstjórum Vegagerðarinnar þar sem minnt var á og farið yfir samkomulagið VG og LH þar sem skilt er að tryggja reiðfæra leið meðfram bundnu slitlagi.

Keppnisnefnd (URS): Keppnisnefnd fundar stíft, mörg erindi hafa borist nefndinni í vor og vetur.

Útbreiðslu- og nýliðunarnefnd (PKS): Samantekt um nýliðun og félagshesthús er í vinnslu.

Öryggisnefnd (PKS): Myndband í vinnslu um reiðtygi og hverju þarf að huga að varðandi öryggi þeirra.

Æskulýðsnefnd:

Menntanefnd (RH): Formaður menntaneftndar verður fjarri næsta árið. Framundan er að skipuleggja menntaráðstefnu í haust. Nefndin er vel skipuð, formanni falið að fara þess á leit við Herdísi Reynisdóttur að hún taki við formennsku í nefndinni í fjarveru Mette Mannseth.

Mannvirkjanefnd (SHJ): Gátlisti fyrir landsmót. Athugasemdir voru gerðar og verið er að vinna úr þeim.

Landsliðsnefnd (SM): Allra sterkustu var glæsilegt mót en aðsókn hefði mátt vera meiri. Undirbúningur fyrir HM er á góðu róli.

Dómaraneftnd: Búið er að úthluta dómurum á Íslandsmót, fjórðungsmót og áhugamannamót Íslands.

3. Ársreikningur LH 2022

Gjaldkeri kynnti ársreikning LH. Rætt var um leiðir til að styrkja tekjugrunn sambandsins.

Afgreiðsla: Ársreikningur samþykktur.

4. Ársreikningur LM ehf. 2022

Formaður LM ehf. kynnti ársreikning.

5. Skipun fulltrúa LH í framkvæmdaneftnd Íslandsmóts fullorðinna og ungmenna, Íslandsmóts barna og unglinga og Áhugamannamót Íslands



Skv. gr. 5 í reglugerð um Íslandsmót og reglugerð um Áhugamannamót Íslands skipar LH einn mann í framkvæmdanefnd og skal sá einstaklingur vera fjölmiðlafulltrúi nefndarinnar.

Afgreiðsla: Samþykkt að skipa starfsmann útbreiðslu- og kynningarmála LH í framkvæmdanefndir mótanna.

6. Breyting á reglugerð um Íslandsmót – samþykkt milli funda – til bókunar

Lögð var fyrir stjórn tillaga frá keppnisnefnd LH um breytingu á 3. gr. reglugerðar um Íslandsmót. Þegar ný reglugerð um Íslandsmót var samþykkt á Landsþingi LH 2022 þá höfðu þingfulltrúar takmarkaðann tíma til að þaullesa reglugerðina og er líklegt að þessi texti hafi farið framhjá keppnisnefndarfulltrúum. Ef texti fær að standa óbreyttur er það mjög heftandi fyrir keppendur sem vilja keppa til samanlagðs árangurs, sérstaklega þar sem árangurinn þarf að nást á yfirstandandi keppnistímabili. Keppnisnefnd leggur til að reglur um samanlagða sigurvegara verði eins og þær voru í reglugerðinni frá 2020.

Málgreinin var eftirfarandi:

„Þeir sem ætla að keppa um samanlagðan sigurvegara þurfa að vera með skráðan samanlagðan árangur og ná lágmarkseinkunn sem keppnisnefnd LH ákveður“

Málgreinin verður eftirfarandi:

„Þeir sem ætla að keppa um samanlagðan sigurvegara þurfa að vera með skráðan árangur í þeim greinum sem gilda til samanlagðra greina og hafa náð lágmarkseinkunn sem keppnisnefnd LH ákveður í a.m.k einni grein“

Afgreiðsla: Samþykkt milli funda. Til bókunar.

7. Tillaga um lagfæringar á þýðingum í reglum um íþróttakeppni og almennum reglum um keppni

Keppnisnefnd leggur til að gerðar verði eftirfarandi lagfæringar á þýðingum:

a. Regla Í3.2 er ranglega þýdd:

Reglan samkvæmt FEIF sportreglum:

S3.2 Judges

A licensed FEIF Breeding (as listed on the FEIF website) or Gæðingakeppni judge (as listed on the Landssamband hestamannafélaga website) may be employed in any required position for pace track tests where the duties are limited to showing a flag to indicate whether a horse is in pace or not.

Núverandi þýðing

Í3.2 Dómarar

Kynbótadómarar með FEIF réttindi (samkvæmt heimasíðu FEIF) eða gæðingadómarar (samkvæmt heimasíðu LH) mega vera hlaupagæslumenn í skeiðgreinum.

Tillaga að lagfærðri þýðingu:

Kynbótadómarar með FEIF réttindi (samkvæmt heimasíðu FEIF) eða gæðingadómarar (samkvæmt heimasíðu LH) mega starfa í hvaða stöðu sem krafist er dómara í skeiðgreinum þar sem starfsskyldurnar eru takmarkaðar við að lyfta flöggum til þess að dæma um hvort hestur skeiði eður ei.



b. Í stað orðanna „viðvörðun“ og „aðvörðun“ komi orðið „áminning“ þar sem verið er að þýða enska orðið „warning“ í eftirfarandi greinum:

A2.1.1 Knapi sem er í keppnisbanni í einu FEIF landi fyrir brot á reglum þessum og hugsjónum, má ekki keppa í öðrum FEIF löndum þar til banninu hefur verið aflétt, þetta á við sama á hvaða grundvelli keppnisbann eða *aðvörðun* var gefin út.

A8.1 ... Sé hnakkur staðsettur of aftarlega má gefa *aðvörðun*, og kann parið að hljóta viðurlög samkvæmt viðeigandi keppnisreglum.

A8.2 ... Komi í ljós að keðja og/eða reiðmúll sé of þétt hertur, má veita *viðvörðun* og keppnisparið kann að hljóta viðurlög samkvæmt viðeigandi keppnisreglum.

A11.1 ... Viðurlög geta m.a. falið í sér: (1) Skriflega *aðvörðun* (2) Tímabunda brottvikningu og (3) Dómari er tekinn af lista FEIF yfir alþjóðlega dómara.

Afgreiðsla: Samþykkt.

8. Undanþága frá reglu um val keppenda á fjórðungsmót

Hestamannafélagið Freyfaxi hefur farið þess á leit við keppnisnefnd að veita þeim hestamannafélögum sem eiga aðild að fjórðungsmóti á Austurlandi í sumar undanþágu frá gr. 5 um val hrossa og keppenda á Landsmóti og fjórðungsmóti í reglugerð um Lands- og fjórðungsmót. Hestamannafélög muni þá hafa heimild til að velja sína fulltrúa á fjórðungsmót án sérstakrar úrtöku hjá félögunum.

Keppnisnefnd vísar málinu til stjórnar og mælir með að beiðnin verði samþykkt.

Afgreiðsla: Samþykkt að veita Fjórðungsmóti Austurlands 2023 þessa undanþágu.

9. Erindi frá lögmanni Jóhanns R. Skúlasonar

Lögmaður Jóhanns R. Skúlasonar krefst þess að ákvörðun um að víkja umbj. hans úr landsliðshópnum verði þegar afturkölluð og að umbj. hans verði þegar tekinn inn í landsliðshóp Íslands í hestaíþróttum.

Afgreiðsla: Samþykkt að svara erindinu.

10. Afgreiðsla keppnisnefndar um lögmæti keppnisgreinar á Sjóvásmótaröð Sörla – erindi frá Jóni Þorbergi Steindórssyni

Keppnisnefnd fjallaði um og úrskurðaði að keppnisgreinin 100 m. skeið á Sjóvásmótaröð Sörla III verði skráð ólögleg í Sportfeng þar sem ekki var tilskilinn fjöldi dómara til að dæma greinina.

Óskað er eftir að mótaskýrslur eftirfarandi móta verði einnig skoðaðar m.t.t. fjölda dómara:

Hafnafjarðarmeistaramót Sörla 2023

Íþróttamót Spretts 2023

WR íþróttamót Sleipnis 2023

WR Hólamót – Íþróttamót Skagfirðings og UMSS 2023

Afgreiðsla: Úrskurður keppnisnefndar um ólögmæti framkvæmdar 100 m. skeiðs á Sjóvásmótaröð Sörla III staðfestur. Skrifstofu falið að hafa samband við mótshaldara og fara yfir skráningu dómara og hlaupagæslumanna í mótaskýrslum ofangreindra móta. Samþykkt að vísa til keppnisnefndar að skoða framkvæmd gæðingaskeiðs á Hafnafjarðarmeistaramóti Sörla.



11. Úrsögn fulltrúa GDLH úr keppnisnefnd

Jón Þorberg Steindórsson fulltrúi Gæðingadómarafélags Landssambands hestamannafélaga í keppnisnefnd hefur sagt sig úr nefndinni.

Afgreiðsla: Samþykkt að biðja GDLH að tilnefna annan fulltrúa í keppnisnefnd.

12. Önnur mál

a. Stjórnir LH og GDLH funduðu þann 7. júní að frumkvæði stjórnar GDLH. Rætt var um framtíð og útbreiðslu gæðingakeppninnar og sammælt um að bæta samskipti og samvinnu félaganna. Ákveðið var að stofna starfshóp um útbreiðslu gæðingakeppni sem LH hefði forystu um. Fulltrúar LH í starfshópnum verða Valdimar, Edda Rún, Sveinn Heiðar, Unnur Rún og Guðni. Óskað verður eftir tilnefningum frá GDLH, Félagi tamningamanna og mótshöldurum.

b. Miðbæjarreið fór fram þann 3. júní í samstarfi LH og HOI. Um 50 knapar mættu í reiðina sem var leidd af Áslaugu Örne Sigurbjörnsdóttur háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Sigurbirni Bárðar-syni landsliðsþjálfara og Guðna Halldórssyni formanni LH.

Fundi slitið kl. 21.40